

Nýlegar skattalagabreytingar

Áður en Alþingi fór í frí fyrir jólin voru fjölmargar breytingar gerðar á skattalögum. Aðdragandi laganna var stuttur og undirbúningur lítill. Umsagnaraðilum var veittur skammur frestur til að skila umsögnum um lagafrumvörpin. Bera lögin þess merki að vanda hefði mátt betur til verka. Í Skattatíðindum að þessu sinni verður gert grein fyrir helstu breytingum.



Lög nr. 165/2010 Breytingar á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld

1) Flutningur verkefna milli ríkis og sveitarfélaga

Samþykkt var að fagleg og fjárhagsleg ábyrgð á framkvæmd þjónustu við fatlaða yrði færð frá ríki til sveitarfélaga. Af þeim sökum lækkar tekjuskattshlutfall ríkisins um 1,2% og til samræmis hækkar hámarks útsvarshlutfall sveitarfélaga um sama hlutfall.

2) Skattleysi eftirgjafar skulda rekstraraðila

Fyrir á árinu var samþykkt bráðabirgðaákvæði XXXVI við lög nr. 90/2003, um tekjuskatt, sem veitti afslátt af skattskyldu eftirgjafar skulda umfram rekstrartap hjá lögaðilum og þeim mönnum sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi.

Með nýju ákvæði til bráðabirgða voru framangreindar reglur rýmkaðar, þannig að heimilt verður að færa á milli tekjuáranna 2010-2014 þann hluta eftirgjafarinnar sem er umfram yfirfærnanlegt rekstrartap, rekstrartap ársins, fyrningar og niðurfærslu. Skilyrði fyrir yfirfærslunni er 1) að skattaðili hafi fyrnt að fullu allar fyrnanlegar eignir sínar og nýtt mögulegar hámarksniðurfærslur á viðskiptakröfum og vörubirgðum, 2) að arði sé ekki úthlutað vegna tekjuáranna 2010-2014 og 3) að eftirgefnar skuldir tengist ekki refsiverðri háttsemi skattaðila. Standi eftir í árslok 2014 eftirgjöf skulda sem er hærri en 500 millj. kr. er skattaðila heimilt að færa það sem umfram er til tekna með jöfnum fjárhæðum á tekjuárunum 2015-2019. Standi eftir lægri fjárhæð en 500 millj. kr. í lok árs 2014 færist hún ekki til tekna heldur fellur niður.

Efni skattatíðinda

Lög nr. 165/2010

Breytingar á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld

Þessar lagabreytingar fjalla m.a. um flutning verkefna á milli ríkis og sveitarfélaga, skattleysi eftirgjafar skulda rekstraraðila, skattlagning af söluhagnaði íbúðarhúsnæðis dánarbús o.fl.

bls. 1

Lög nr. 164/2010

Ráðstafanir í ríkisfjármálum

Ólíkt lögum nr. 165/2010 sem fjallað var um á undan þá snýr meginefni þessara laga að hinum ýmsu hækkunum á skatthlutföllum eða fjárhæðum gjalda. Auk þess er kveðið á um efnislegar breytingar á barna- og vaxtabótum.

bls. 4

Lög nr. 163/2010

Breytingar á lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt

Þessi lagabreyting fjalla m.a. um undanþegna veltu, skráningar á virðisaukaskattsskrá, síðbúin framtalsskil, skilyrði innskatts o.fl.

bls. 5

Lög nr. 155/2010

Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki

Með lögnum var settur 0,041% skattur á fjármálafyrirtæki.

bls. 5

Lög nr. 162/2010

Breytingar á lögum um úrvinnslugjald nr. 162/2002

Með lögnum voru gjöld vegna úrvinnslu ýmiss úrgangs hækkuð.

bls. 6

3) Skattleysi eftirgjafar skulda þegar fjárkröfu er breytt í hlutafé

Með lögnum var 6. mgr. bráðabirgða-ákvæðis XXXVI. breytt. Í 6. mgr. ákvæðisins, eins og það hljóðaði fyrir breytinguna, sagði að tæki kröfuhafi hlutafé í hinu skuldsetta félagi sem gagnagjald fyrir kröfu skyldi það teljast fullnaðargreiðsla hennar. Í athugasemdum að baki ákvæðinu í frumvarpi laganna kom fram að þetta ætti jafnt við þegar verðmæti hlutafjárins væri minna en sem nemur nafnverði kröfunnar. Þannig kom hvorki til gjaldfærslu tapaðra krafna hjá kröfuhafa né tekjufærslu hjá skuldara á eftirgefinni skuld. Ákvæðið hafði hins vegar í för með sér að ef kröfuhafi hafði keypt kröfuna með afföllum þá bar honum að tekjufæra afföllin þar sem um fullnaðargreiðslu var að ræða. Það hefði haft alvarlegar afleiðingar m.a. fyrir nýju bankana sem keyptu kröfur úr prota-búum gömlu bankana með afföllum.

Eftir breytingarnar er kveðið á um að verðmæti hlutafjárins skuli metið á þeim degi þegar skiptin á kröfu og hlutafé eiga sér stað. Skal matið unnið af óháðum matsaðila þegar skipti fara fram á milli eignatengdra aðila. Skuldara ber að tekjufæra mismun á matsverði hlutafjárins og bókfærðu verði skuldarinnar og kröfuhafa ber að sama skapi að tekjufæra eða eftir atvikum gjaldfæra mismuninn.

4) Sérstök niðurfelling á tekjuskatti rekstraraðila sem gjaldfallið hefur fyrir 1. janúar 2010

Síðastliðið vor samþykkt Alþingi lög nr. 24/2010 um greiðsluuppgjör á virðisaukaskatti, staðgreiðslu opinberra gjalda, tryggingagjaldi og þing- og sveitarsjóðsgjöldum, lögaðila og einstaklinga í atvinnurekstri. Lögin veittu umsækjanda, að vissum skilyrðum uppfylltum, heimild til að greiða van-skil sem gjaldfallið höfðu fyrir 1. janúar 2010 með útgáfu vaxtalauss skulda-bréfs til fimm ára, verðtryggt með jöfnum mánaðarlegum afborgunum og fyrstu greiðslu 1. júlí 2012. Með nýsettum lögum er ætlunin að rýmka þessi skilyrði. Helsta breytingin felst í heimild tollstjóra til að fella niður hluta af tekjuskatti umsækjanda enda telji hann hagsmunum ríkissjóðs betur borgið með slíkrni niðurfellingu.

Ýmislegt er hægt að finna að ákvæðinu. Í fyrsta lagi má nefna að það orkar tvímælis hvort ákvæðið standist stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944. Þannig verður vart séð að löggjafanum sé heimilt að framselja tollstjóra ákvörðunarvald um það, hvort afnema skuli skatt, sem löggjafanum einum er falið skv. 40. og 77. gr. stjórnarskrárinnar. Það skortir að sett séu lögbundin viðmið fyrir niðurfellingunni og dugir skammt í þeim efnum að tollstjóri telji hagsmunum ríkissjóðs sé betur borgið með niðurfellingunni. Í öðru lagi gefur fyrirsögn ákvæðisins til kynna, auk umfjöllunar á nokkrum stöðum í greinargerð með frumvarpinu, að ákvæðið taki eingöngu til lögaðila, þó sú sé ekki raunin. Í þriðja lagi er skýrt tekið fram í lögskýringargögnum að baki ákvæðinu að heimild tollstjóra sé eingöngu ætlað að ná til lögaðila og einstaklinga sem enn eru í atvinnurekstri en ekki þeirra sem hætt hafa rekstri. Lagatextinn vísar hins vegar til umsækjanda skv. 1. gr. en það eru, eftir breytingarnar, „Lögaðilar og einstaklingar sem eru og hafa verið í atvinnurekstri [...]“. Athugasemdir í frumvarpi laganna koma vart til með að þrængja inntak ákvæðisins þannig að horft verði framhjá orðalagi þess eins og það hljómar eftir breytinguna. Í fjórða lagi segir í 3. mgr. nýja ákvæðisins að tollstjóri „gefur út“ skuldabréf vegna þess hluta tekjuskatts sem ekki er felldur niður. Hér er augljóslega átt við að tollstjóra sé heimilt að samþykkja útgáfu skuldabréfs sem greiðslu enda er það hann sem á kröfu á gjaldanda en ekki öfugt.

5) Skattlagning af söluhagnaði íbúðarhúsnæðis dánarbús

Í 17. gr. tekjuskattslaga er kveðið á um skattleysi söluhagnaðar íbúðarhúsnæðis manns að vissum skilyrðum uppfylltum. Í tilfellum þegar íbúðarhúsnæði hefur færst yfir til dánarbús vegna andláts einstaklings og selt í kjölfarið hefur söluhagnaðurinn verið skattlagður án tillits til þess skattleysis sem einstaklingar í lífanda lífi njóta. Skattalega séð hefur því verið hagstæðara að selja íbúðarhúsnæði eftir að úthlutun til erfingja úr dánarbúi hefur átt sér stað. Með núverandi lagabreytingu var ætlunin að gera breytingu þar á, þannig að ekki myndi skipta máli við skattlagningu sölu-

hagnaðarins hvort salan færi fram út úr dánarbúi eða af erfingjum sjálfum, eins og segir í greinargerð með frumvarpi laganna.

Vilji löggjafans að baki lagabreytingunni verður að teljast skýr. Sú breyting sem gerð var á lögnum er hins vegar engan veginn fullnægjandi svo hægt sé að ná því markmiði. Eingöngu var gerð breyting á ákvæði 17. gr. tekjuskattslaga, sem fjallar um söluhagnað íbúðarhúsnæðis, að því leyti að ákvæðið gildir nú einnig um „sölu íbúðarhúsnæðis úr dánarbúi manns enda séu uppfyllt framangreind skilyrði um eignarhaldstíma og stærðarmörk.“ Skattleysismörk þau sem ákvæðið mælir fyrir um í 1. mgr. eru hins vegar bundin við íbúðarhúsnæði sem er í eigu manna og eru breytileg eftir því hvort um einstakling eða hjón er að ræða. Dánarbúi er lögaðili og fullnægir því seint þeim skilyrðum. Ef horft er framhjá þeirri staðreynd og í staðinn horft til erfingjanna, við mat á því hvort skilyrðunum sé fullnægt, þá er vandamálið að úthlutunin úr dánarbúinu hefur ekki enn farið fram og því óvíst hvernig skiptingin og þar með ónýtt skattleysismörk eru. Ennfremur er til þess að líta að ef til skattlagningar á söluhagnaði kæmi þá er tekjuskattur dánarbús 36% en fjármagnstekjuskattur einstaklinga 20% og því vandséð hvernig hægt er koma á sömu skattlagningu.

Einfaldara í framkvæmd hefði verið ef dánarbúið fengi að njóta þeirra skattleysismarka sem hinn látni, og eftir atvikum maki hans, átti meðan hann var enn á lífi. Skattatiðindi hafa haft af því spurnir innan skattkerfisins að ætlunin hafi í raun verið að lögfesta þá reglu. Hún myndi reyndar fela í sér að erfingjarnir hefðu val milli þess að nýta sér skattleysi hins látna eða skattleysi þeirra sjálfra, eftir því hvenær fasteignin yrði seld. Orðalag lagatextans sem lögfestur var ber hins vegar ekki ótvírætt með sér að sú regla hafi verið sett og lögskýringargögn gefa til kynna, líkt og fyrr greinir, að ætlunin hafi verið að lögfesta aðra reglu.

6) Stuðningur við nýsköpunarfyrirtæki

Í lok síðasta árs voru samþykkt lög nr. 152/2009, um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki. Markmið laganna var að veita nýsköpunarfyrirtækjum rétt til skattafrádráttar vegna kostnaðar við nýsköpunarverkefni og hins vegar að hvetja til þess að menn og lögaðilar fjárfesti í þeim. Lögnum var ætlað að koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda árið 2011. Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) gerði hins vegar ýmsar athugasemdir við það ríkisaðstoðarkerfi sem fólst í lögnum. Af því tilefni var lögnum breytt í núverandi horf. Helstu breytingarnar eru að hlutabréfaafsláttur til einstaklinga og lögaðila er afnuminn og skattafrádráttur er eingöngu veittur nýsköpunarverkefnum en ekki nýsköpunarfyrirtækjum sem slíkum. Þá er hlutfall af útlögðum kostnaði vegna rannsókna og þróunarverkefna, sem heimilt er að draga frá álögðum tekjuskatti eða er greiddur út ef stofn til tekjuskatts er ekki til staðar, hækkað úr 15% í 20%. Einnig er hámark kostnaðar hvers rekstrarárs til útreiknings á frádrætti hækkaður úr 50 í 100 milljónir króna og úr 75 í 150 milljónir ef um er að ræða aðkeypta þjónustu frá viðurkenndum aðila.

7) Rannsóknarheimildir skattrannsóknarstjóra

Með lögnum voru tekin af tvímæli að skattrannsóknarstjóri geti leitað úrskurðar héraðsdóms um leit og haldlagningu á heimilum og öðrum stöðum sem hinar almennu rannsóknarheimildir hans ná ekki til.

8) Endurgreiðsla á vörugjöldum af ökutækjum, eldsneyti o.fl.

Lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. var breytt á þann veg að í bráðabirgðaákvæði er nú kveðið á um heimild tollstjóra til að endurgreiða vörugjald af ökutækjum sem breytt hefur verið þannig að ökutækið nýtir metan í stað bensíns eða díselolíu og hefur verið skráð sem slíkt hjá Umferðarstofu. Skilyrði endurgreiðslu er að ökutækið sé yngra en sex ára við breytingu miðað við framleiðsluár og útbúið að lágmarki 78 lítra metangeymi. Fjárhæð endurgreiðslunnar er 20% af kostnaði við breytinguna skv. reikningi

breytingaverkstæðis en þó ekki hærrí en 100.000 kr. Hafi endurgreiðsla hlotist vegna ökutækis, en því verið breytt innan tveggja ára þannig að það nýtir ekki lengur metan sem eldsneyti, skal tilkynna það og greiða upp endurgreiðsluna að fullu. Við bætist 50% álag hafi það ekki verið tilkynnt innan mánaðar frá breytingu.

9) Skattskylda gengishagnaðar

Með lögum nr. 128/2009, sem breyttu tekjuskattslögum, var fyrst kveðið á um að gengishagnaður manna utan rekstrar af innlánsreikningum í erlendri mynt teldist skattskyldur á því ári sem hann félli til enda þótt hann væri óinnleystur. Nú hefur þessu verið breytt í fyrra horf. Í nýsamþykktum lögum er kveðið á um að gengishagnaður manna utan rekstrar af innlánsreikningum og kröfum í erlendri mynt verði ekki skattskyldur fyrr en við innlausn.

Athygli vekur að í frumvarpi með nýsamþykktum lögum var gert ráð fyrir að ákvæðið tæki þá þegar gildi, þ.e. við birtingu á árinu 2010. Það hefði þýtt að áfallinn en óinnleystur gengishagnaður hefði aldrei komið til framkvæmda þar sem ákvæði laga nr. 128/2009 tók fyrst gildi á árinu 2010 og átti að koma til framkvæmda við álagningu 2011. Gildistöku ákvæðisins var hins vegar breytt í 1. janúar 2011 í meðförum Alþingis, að tillögu meirihluta efnahags- og skattanefndar, án þess að ástæður þess séu raktar. Það þýðir að áfallinn en óinnleystur gengishagnaður á árinu 2010 ber að skattleggja við álagningu 2011. Af þessu leiðir að ef hagnaðurinn verður innleystur síðar meir verður hann skattlagður á ný við innlausn. Ef hagnaðurinn verður hins vegar síðar að tapi þá hefur verið greiddur skattur af hagnaði sem aldrei var innleystur. Vilji löggjafans hefur varla staðið til þess að lögfesta þessa sérkennilegu reglu en ekki verður séð að svigrúm sé til að víkja frá henni nema til lagabreytingar komi.

10) Staðgreiðsluskylda gengishagnaðar

Til samræmis við þá breytingu að horfið var frá því að skattleggja áfallinn en óinnleystan gengishagnað manna utan rekstrar þá voru gerðar breytingar á lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Sú breyting var gerð að nú er gengishagnaður skv. 5. tölul. 1. mgr. 8. gr. tekjuskattslaga

undanþeginn staðgreiðsla en halda ber eftir staðgreiðslu af innleystum gengishagnaði skv. 4. tölul. 2. mgr. 8. gr. tekjuskattslaga. Þetta þýðir í raun að gengishagnaður er undanþeginn staðgreiðslu nema um sé að ræða innleystan gengishagnað einstaklings utan rekstrar af innlánsreikningi eða kröfu í erlendri mynt.

Lagabreytingin felur í sér þrenns konar breytingar frá því sem var. Í fyrsta lagi þá ber eingöngu að halda eftir staðgreiðslu af innleystum gengishagnaði en ekki áföllnum. Í öðru lagi tekur ákvæði 4. tölul. 2. mgr. 8. gr. tekjuskattslaga eingöngu til gengishagnaðar einstaklinga utan rekstrar. Staðgreiðsluskyldur aðili þarf því að gera greinarmun á því hvort um sé að ræða einstakling í rekstri eða ekki en vandséð er hvernig það er framkvæmanlegt. Í þriðja lagi þá er staðgreiðsluskyldan víðtækari að því leyti sem hún er ekki eingöngu bundin við gengishagnað af reikningum í innlánsstofnunum heldur ber einnig að halda eftir staðgreiðslu innleysts gengishagnaðar af „kröfum í erlendri mynt“.

11) Skattlagning einstaklinga með búsetu erlendis

Það nýmæli var samþykkt sem lög að í nýrri grein, 70. gr. a. tekjuskattslaga, er nú kveðið á um heimild til handa þeim sem búsettir eru á EES svæðinu, EFTA svæðinu eða í Færeyjum, að vera skattlagðir og njóta þeirra réttinda sem heimilisfesti hér á landi veitir (s.s. réttinda til persónuafsláttar, vaxta- og barnabóta) hafi þeir fengið frá Íslandi 75% tekna sinna eða meira á tekjuárinu. Ákvæðið tekur bæði til manna sem bera takmarkaða skattskyldu hér á landi og þeirra sem bera ótakmarkaða skattskyldu en hafa verið heimilisfastir hér á landi hluta úr ári. Uppfylli annar maka skilyrði til slíkrar skattlagningar er hjónum heimil samsköttun ef minnst 90% samanlagðra tekna þeirra eru upprunnar á Íslandi.

12) Staðgreiðsla arðs

Með lögnum voru tekin af öll tvímæli um að meginreglan sé sú að afdráttur skatts í staðgreiðslu skuli fara fram þegar arðurinn er greiddur. Með því fráviki þó að staðgreiðslan skuli í síðasta lagi miðast við lok þess árs þegar ákvörðun um úthlutun er tekin.

13) Heimild til endurupptöku

Með lögum nr. 16/2010 var gerð breyting á tekjuskattslögum þess efnis að nú er þar að finna sérstaka heimild til endurupptöku í 2. mgr. 101. gr. laganna. Fyrir lagabreytinguna hafði endurupptaka ýmist verið byggð á þágildandi 3. mgr. 101. gr. (frumkvæðisheimild ríkisskattstjóra) eða 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Endurupptökuheimild sú sem tekin var upp í lögina var þröng og miðað við orðanna hljóðan mátti ætla að fá tilvik kæmu til með að uppfylla skilyrði þess. Var ákvæðinu breytt á þann veg að helsta fyrirstaða endurupptöku var felld út, en það var skilyrðið um að endurupptökubeiðni væri byggð á nýjum gögnum og upplýsingum „sem ekki var unnt að koma að innan tímamarka 99. gr.“

Eftir lagabreytinguna eru þrjú skilyrði fyrir endurupptöku. Það er 1) að beiðnin snúi að breytingu á skattstofni lengst sex tekjuár aftur í tímann, 2) að verulegir hagsmunir liggi að baki og 3) að byggt sé á nýjum gögnum og upplýsingum.

14) Dulinn arður samlagsfélags

Gerð var breyting á 3. másl. 2. mgr. 11. gr. tekjuskattslaga þar sem kveðið var á um að úthlutun verðmæta til sameignar-

félags, þar sem einn sameigandi er hluthafi, stjórnarmaður eða starfsmaður sem úthlutar verðmætum, skuli úthlutun teljast til tekna hjá honum sem laun. Eftir breytinguna tekur ákvæðið jafnt til sameignarfélaga og samlagsfélaga.

15) Niðurfærsla búvörukvóta

Heimild 32. gr. tekjuskattslaga til þess að færa niður stofnkostnað vegna kaupna á framleiðslurétti í landbúnaði með jöfnunum fjárhæðum á fimm árum var felld niður.

16) Samsköttun

Gerð var sú breyting að nú er sérstaklega kveðið á um að heimild félags til þátttöku í samsköttun fellur niður ef það er tekið til gjaldþrota- eða slitameðferðar skv. ákvæðum laga um fjármála-fyrirtæki.

Hér er verið að bregðast við niðurstöðu í nýlegum úrskurði yfirsattaneftndar nr. 303/2010. Málavextir voru þeir að X-banki hf. og Nýi X-banki hf. óskuðu eftir bindandi álit ríkisskattstjóra um hvort félögunum væri heimiluð samsköttun við álagningu 2011, vegna tekna á árinu 2010. Einnig var óskað álits á því hvort í gegnum samsköttunina væri Nýja X-banka hf. heimilt að nýta rekstrartap

X-banka hf. Skilyrði samsköttunar er að um félag sé að ræða skv. 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. tekjuskattslaga, þ.e. skráð hlutfélög, einkahlutfélög og samlagshlutfélög. Ríkisskattstjóri taldi hins vegar að í skattalegu tilliti teldist X-banki hf. vera þrotabú sbr. 5. tölul. 1. mgr. 2. gr. sömu laga þar sem bankinn hafði verið tekinn til sérstakrar slitameðferðar skv. lögum nr. 161/2002, um slitameðferð fjármála-fyrirtækja. Á það féllst yfirsattaneftnd ekki heldur taldi hún skilyrði samsköttunar vera til staðar.

Í þessu sambandi má minnst þess sem fram kemur í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 91/1998, um bindandi álit í skattamálum, en þar segir orðrétt: „Meginmarkmið frumvarpsins er að auka réttaröryggi skattaðila með því að tryggja þeim leið til að fá fyrir fram úr því skorðið hvernig skattlagning verður, svo þeir geti tekið ákvarðanir og gert ráðstafanir á grundvelli þeirra upplýsinga.“ Til lítils er að óska eftir bindandi álit um skattalega meðferð fyrirhugaðra ráðstafana ef reglunum er síðan breytt í millitíðinni. Hér hefði borgað sig fyrir bankann að óska ekki eftir bindandi álit heldur einfaldlega óska eftir samsköttun við álagningu 2011.

Lög nr. 164/2010

Ráðstafanir í ríkisfjármálum

Ólíkt lögum nr. 165/2010 sem fjallað var um á undan þá snýr meginefni þessara laga að hinum ýmsu hækkunum á skattlutföllum eða fjárhæðum gjalda. Auk þess er kveðið á um efnislegar breytingar á barna- og vaxtabótum.

1) Ýmsar hækkanir skattlutfalla

Fjármagnstekjuskattur einstaklinga var hækkaður úr 18% í 20%.

Tekjuskattur þeirra sem bera hér á landi takmarkaða skattskyldu er hækkaður, ýmist úr 10% í 15%, úr 15% í 18% eða úr 32,7% í 36%.

Tekjuskattshlutfall lögaðila með takmarkaðri ábyrgð eigenda var hækkaður úr 18% í 20%. Hlutfall annarra lögaðila var hækkað úr 32,7% í 36% og hlutfall lögaðila af tilteknum fjármagnstekjum sem að öðru leyti eru undanþegnar tekjuskatti var hækkað úr 18% í 20%.

2) Auðlegðarskattur

Sett var nýtt ákvæði til bráðabirgða um útreikning á auðlegðarskatti sem ætlað er að gilda við álagningu 2011 og 2012, í stað h-liðar bráðabirgðaákvæðis XXXIII. Samkvæmt því hækkar skattlutfall auðlegðarskattsins úr 1,25% í 1,5%, auk þess sem skattleysismark skattsins lækkar úr 90 milljónum í 75 milljónir kr. hjá einhleypingi og úr 120 milljónum í 100 milljónum hjá hjónum.

3) Erfðafjárskattur

Erfðafjárskattshlutfall hækkar úr 5% í 10% auk þess sem hluti stofns til erfðafjárskatts sem undanþeginn er skatti hækkar úr 1.000.000 kr. í 1.500.000.

Athyglisverð rök eru færð fyrir breytingunni í frumvarpi laganna en þar segir „Í skattalegu tilliti er almennt litið á erfðafjárskatt sem ígildi tekjuskattlagningar. Mikill munur á hlutfalli hans og almennu tekjuskattshlutfalli gæti því ýtt undir skattasniðgöngu, ekki síst í tilviki fyrirframgreiðslu.“ Efast má

um að skattborgararnir sjái sér hag í því að stytta sér aldur til þess eins að koma fjármunum til ættingja í lægra skattþrepi. Hitt er ekki síður fráleitara en það er að fyrirframgreiðsla arfs sé skattasniðganga. Bæði í tekjuskattslögum og lögum um erfðafjárskatt er sérstaklega kveðið á um skattalega meðferð fyrirframgreiðslu arfs og því vart verið að sniðganga skattalögin.

4) Barnabætur

Barnabætur að fjárhæð 61.191 kr. með börnum yngri en 7 ára voru ótekjutengdar. Með nýsamþykktum breytingum voru barnabætur vegna þessara barna tekjutengdar auk þess sem skerðingarhlutfall barnabóta með einu barni var hækkað úr 2% í 3% af tekjum forráðamanna af tekjum yfir 3,6 milljónum kr. í tilviki hjóna en yfir 1,8 milljónum kr. í tilviki einstæðs foreldris.

5) Vaxtabætur

Þær breytingar voru gerðar á vaxtabótum að nú miðast þær við greidda vexti og greiddar verðbætur í stað þess að miðast við gjaldfallna vexti og gjaldfallnar verðbætur. Er hér verið að koma í veg fyrir að frysting á afborgunum og vöxtum myndi rétt til vaxtabóta.

Með lögnum komu jafnframt inn tvö bráðabirgðaákvæði sem gilda um ákvörðun vaxtabóta á árunum 2011 og 2012. Annars vegar er kveðið á um sérstakar reglur við útreikning vaxtabóta og ber þar helst að nefna að tekjuskurðing er aukin úr 6% í 7% af tekjuskattstofni og reiknaðar vaxtabætur lækka hjá öllum um 8%. Hins vegar er kveðið á um sérstaka vaxtaniðurgreiðslu á sömu árum.

6) Endurreikningur gengistryggðra húsnæðis- og bílalána

Sett var ákvæði til bráðabirgða þar sem kveðið er á um að endurreikningur gengistryggðra húsnæðis- og bílalána einstaklinga utan rekstrar, í lán í íslenskum krónum, skuli ekki teljast til fjármagnstekna þótt ákvarðaðar séu vaxtatekjur á ofgreiddar innborganir á árunum 2010 og 2011. Um er að ræða endurreikning í kjölfar dóma Hæstaréttar frá 2010 um að slík trygging við gengi erlendra gjaldmiðla væri ólögmat.

Ekki kemur til endurákvörðunar á barnabótum og vaxtabótum af þessum sökum nema skattaðili fari fram á endurákvörðun þeirra. Endurreikningurinn hefur ekki áhrif á aðrar félagslegar bætur eða greiðslur sem viðkomandi kann að eiga rétt á.

7) Ýmsar gjaldahækkanir

Kolefnisgjald af eldsneyti hækkar um 50% frá því sem nú er. Tóbaksgjald hækkar um 7%. Aðrar gjaldahækkanir eru studdar þeim rökum að verið sé að fylgja 4% hækkun verðlags miðað við forsendur fjárlagafrumvarps 2011. Þannig hækkar áfengisgjald, olíu- og kílómetragjald, útvarpsgjald, vitagjald, gjald í Framkvæmdasjóð aldrafra og vörugjald á eldsneyti um 4%.

Í mörgum tilfellum leiðir hækkunin einnig til hækkun stofns til virðisaukaskatts og því er heildar skattlagningin hærri en sú verðlagshækkun sem vísað er til.

Lög nr. 163/2010

Breytingar á lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt

1) Undanþegin velta

Undanþegnir skyldu til að innheimta virðisaukaskatt (vsk) eru þeir sem selja skattskylda vöru eða þjónustu fyrir minna en 1.000.000 kr. á ári í stað 500.000 kr. áður.

2) Skráning á virðisaukaskattsskrá

Ríkisskattstjóra er nú heimilt að synja aðila um skráningu á vsk-skrá ef það liggur fyrir að opinber gjöld hans eru áætluð á einhverju ári af næstliðnum þremur tekjuárum á undan því ári sem sótt er um skráningu á vsk-skrá.

3) Brottfall af virðisaukaskattsskrá og endurskráning

Hafi skattaðili sætt áætlun virðisaukaskatts samfelt í tvö ár eða lengur er ríkisskattstjóra heimilt að fella hann af vsk-skrá.

Skattaðili sem hefur verið felldur af vsk-skrá getur ekki skráð sig aftur fyrr en hann hefur gert fullnægjandi skil á vsk-skýrslum og vsk. Í stað fullnægjandi skila á vsk getur ríkisskattstjóri heimilað skattaðila að leggja fram tryggingu fyrir greiðslunni.

4) Siðbúin framtalsskil

Það nýmæli var tekið upp að berist vsk-skýrsla eftir að skattaðili hefur sætt áætlun skal leggja á hann 5.000 kr. gjald fyrir hverja vsk-skýrslu sem er skilað of seint.

5) Skilyrði innskatts

Gert er að skilyrði fyrir innskattsfrádrætti að seljandi vöru og þjónustu sé skráður á vsk-skrá á því tímamarki þegar viðskipti eiga sér stað.

Lög nr. 155/2010

Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki

Með lögnum var lögfestur nýr 0,041% skattur sem leggst eingöngu á fjármálafyrirtæki, þ.e. fyrirtæki sem hafa fengið starfsleyfi sem viðskiptabanki, sparisjóður og lánaþyrirtæki og aðra aðila sem hafa fengið leyfi til að taka við innlánnum. Skattskyldan nær einnig til útibúa erlendra fjármálafyrirtækja sem taka við innlánnum eða hafa sambærilegar starfsheimildir og viðskiptabanki, sparisjóður eða lánaþyrirtæki. Stofn til sérstaks skatts á fjármálafyrirtæki er heildarskuldir fyrirtækisins í lok tekjuárs, eins og telja ber þær fram samkvæmt 75. gr. tekjuskattslaga. Tekið er fram að óheimilt sé að fella saman eignir og skuldir innan einstakra liða eða flokka við útreikning á skattstofni. Lögin koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda 2011 vegna tekna og skulda í lok árs 2010.

6) Rafræn þjónusta og innflutningur netþjóna

Til að koma til móts við erlenda fjárfesta sem lýst hafa áhuga á að reisa gagnaver hér á landi voru gerðar breytingar til að koma í veg fyrir tvísköttun í þeim tilfelum, annars vegar þegar þjónusta gagnavera er seld viðskiptavinum og hins vegar þegar netþjónar eru fluttir til landsins.

Nú er því sala rafrænnar þjónustu til kaupenda sem hvorki hafa búsetu né starfsstöð hér á landi undanþegin vsk-skyldri veltu (0-skattur). Rafrænt afhent þjónusta telst ávallt nýtt þar sem kaupandi þjónustunnar hefur búsetu eða starfsstöð.

Þá eru netþjónar og tengdur búnaður undanþegnir virðisaukaskatti við innflutning að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum: 1) að innflytjandinn (eignandinn) sé heimilisfastur í öðru ríki á EES, EFTA eða í Færeyjum og er ekki með fasta starfsstöð á Íslandi, 2) að eigandinn stundi vsk-skylda starfsemi í heimaríki sínu, 3) að starfsemi eigandans væri skráningarskyld á Íslandi ef hún væri rekin hér, 4) að netþjónar séu fluttir til Íslands til notkunar eða staðsetningar í gagnaveri sem eigandinn er í viðskiptum við, 5) að netþjónar og búnaður sé eingöngu nýttur af eigandanum, 6) að vinnsla netþjóna sé nýtt utan Íslands eða í þágu aðila heimilisfasts utan Íslands og sem er ekki með fasta starfsstöð hér.

Í þessu sambandi má taka fram að skattyfirvöld hafa talið, í bindandi álitum sínum, að erlendu aðili hafi fasta starfsstöð hér á landi í skilningi 4. tölul. 3. gr. tekjuskattslaga, ef hann á og rekur netþjóna hér á landi og selur aðgang að þeim til þriðja aðila.

Lög nr. 162/2010

Breytingar á lögum um úrvinnslugjald nr. 162/2002

Með lögnum var gjald vegna úrvinnslu ýmiss úrgangs sem lögin taka til hækkuð til að mæta auknum kostnaði og/eða jafna tap vegna fyrri ára. Er gjaldið m.a. lagt á olíumálningar, rafgeyma, pappír, plastumbúðum, leysiefni, olíuvörur og hjólbarða o.fl. Flestir gjaldaliðir laganna hækka að meðaltali um 79%.

Simon Þór Jónsson

Forstöðumaður skattasviðs
simonthorjonsson@kpmg.is

Vilmar Freyr Sævarsson

Lögfræðingur skattasviði
vsaevarsson@kpmg.is

www.kpmg.is

Í bæklingi þessum koma fram almennar upplýsingar sem er ekki ætlað að lýsa aðstæðum tiltekinnar fyrirtækja eða einstaklinga. Enginn ætti að grípa til aðgerða á grundvelli þessara upplýsinga nema tengja þær aðstæðum sínum eða leita faglegrar aðstoðar um það tilvik sem um ræðir.

© 2011 KPMG ehf., íslenski aðilinn að KPMG International Cooperative ("KPMG International"), svissnesku samvinnufélagi. Öll réttindi áskilin.